

Fréttabréf



„Ásættanlegt í ljósi stöðunnar“

Viðtal við framkvæmdastjóra Samiðnar

„Svakalega vel boðið af félaginu“

Lárus Lárusson blikksmíðameistari

Kynning á nýjum kjarasamningum

Niðurstöður launakönnunar FIT 2022

NÝ DAGBÓK 2023

Dagbók fyrir næsta ár stendur félagsmönnum FIT venju samkvæmt til boða. Í henni er, auk dagatals, að finna upplýsingasíður um FIT og ýmsan gagnlegan fróðleik. Félagsmenn geta sent póst á netfangið fit@fit.is eða hringt í síma **5 400 100** ef þeir hafa áhuga á að fá dagbókina. FIT sendir eintak af bókinni hvert á land sem er.

VINNUSTAÐAHEIMSÓKNIR

Ein af nýjungum nýrrar heimasíðu, sem kynnt er nánar hér aftar í Fréttabréfinu, er að nú er auðvelt að panta vinnustaðaheimsókn. Áberandi hnappi hefur verið komið fyrir á forsíðu FIT, þar sem hægt að óska eftir vinnustaðaheimsókn eða fundi með starfsfólki félagsins. Það er von félagsins að þetta verði til að efla enn frekar sambandið á milli FIT og félagsmanna þess. Við hvetjum félagsmenn til að nýta sér þennan valkost ef þeir vilja fræðast um réttindi sín og kjör eða einfaldlega ræða málin.

RAFRÆNT FÉLAGSSKÍRTEINI

Rétt er að minna á að félagsskírteini þeirra sem greiða til FIT eru orðin rafræn. Skírteinið má nálgast á „Mínum síðum“, undir „Afslættir“. Hægt er að hlaða niður skírteininu og koma fyrir í þar til gerðu veski í snjallsíma, eins og gildir um rafræn skilríki. Skírteinið veitir ýmsa afslætti af vörum og þjónustu, sem hægt er að sjá á „Mínum síðum“.

BRIDGE

Öllum félagsmönnum FIT er velkomið að slást í hóp ötulla Bridge-spilara úr hópi iðnaðarmanna, á meðan húsrúm leyfir. Spilað er á fimmtudagskvöldum á Stórhöfða 31 og hefjast leikar klukkan 19:00. Gengið er inn Grafarvogsmegin. Fylgist með tilkynningum vegna þessa viðburða á glænýrri heimasíðu FIT. Vakin er sérstök athygli á því að jólamótið fer fram 15. desember.

SVEINALISTI BIRTUR

Listi yfir þá einstaklinga innan félaga Samiðnar sem staðist hafa sveinspróf eða hafa fengið sveinsréttindi sín metin af ráðuneyti menntamála á Íslandi hefur nú verið birtur á FIT.is. Listann er til dæmis hægt að nýta til að ganga úr skugga um að iðnaðarmaður hafi þau réttindi sem hann segist hafa.

FYLGIST MEÐ Á FACEBOOK

Allar fréttir sem birtast á nýrri heimasíðu, fit.is, birtast skömmu síðar á Facebook. Upplagt er finna Félag iðn- og tæknigreina á Facebook og „læka“ síðuna. Þannig fara mikilvægar fréttir, svo sem vegna kjaramála og úthlutunar orlofshúsa, ekki fram hjá þeim félagsmönnum sem nota Facebook reglulega. Upplýsingagjöf félagsins hefur verið aukin með tilkomu nýrrar heimasíðu og birtast nú tíðari fréttir af starfi félagsins. Facebook er þægilegur vettvangur til að fylgjast með félaginu.

IÐAN-FRÆÐSLUSETUR

Iðan er fræðslusetur í iðnaði og sinnir símenntun starfsmanna í bilgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, mál- og véltæknigreinum, prent- og miðlunargreinum og matvæla- og veitingagreinum. Námsframboðið er fjölbreytt og í stöðugri þróun enda er það þýðingarmikið hlutverk að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur. Iðan býður upp á fjölbreytt úrval vandaðra námskeiða og fullbúna kennsluadstöðu. Fjarnám er til staðar þar sem það er mögulegt og vefnámskeið. Einnig eru í boði sérsniðin fyrirtækjanámskeið sem haldin eru á vettvangi. Kynntu þér námskeiðsframboðið á www.idan.is.



VEIÐIKORTIÐ 2023

Nýtt veiðikort kemur í sölu í desember. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 36 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 8.600 krónur í almennri sölu en félagsmenn FIT geta keypt kortið á 5.000 krónur. Glæsileg handbók fylgir kortinu, sem hægt verður að kaupa rafrænt á orlofsvef FIT.



Kærkomnar kjarabætur

Hilmar Harðarson formaður



Hún var löng og ströng samningalotan sem endaði á því að fulltrúar iðnaðarmanna skrifuðu undir nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins í húsakynnum Ríkissáttasemjara á mánudag. Samningurinn er afrakstur stífra fundahalda okkar sem í nefndinni sitjum, bæði á milli deiluaðila og innan nefndarinnar en einnig með fulltrúum ríkisstjórnar Íslands.

Hún var löng og ströng samningalotan sem endaði á því að fulltrúar iðnaðarmanna skrifuðu undir nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins í húsakynnum Ríkissáttasemjara á mánudag. Samningurinn er afrakstur stífra fundahalda okkar sem í nefndinni sitjum, bæði á milli deiluaðila og innan nefndarinnar en einnig með fulltrúum ríkisstjórnar Íslands.

Samningurinn, sem gildir til 31. janúar 2024, verður nú kynntur fyrir félagsmönnum FIT. Kynningu á honum má finna í þessu blaði. Samningurinn verður að því búnu lagður í dóm ykkar félagsmanna. Hann kveður á um kærkomnar kjarabætur, 6,75% hækkun launa og hækkun desember- og orlofsuppbóta svo eitthvað sé nefnt. Áherslan að þessu sinni var á prósentuhækkun en það er sú tegund launahækkunar sem kemur millitekjuhópunum best. Okkar fólk hefur setið eftir þegar að kaupmætti kemur og þess vegna er ánægjulegt að ná fram jafn mikilli hækkun launa og raun ber vitni. Það var komið að okkur.

Samningurinn veitir okkur gott svigrúm til að vinna að nýjum langtímasamningi þegar efnahagslegar aðstæður verða orðnar betri. Sú vinna er þegar hafin. Ég hefði ekki skrifað undir samninginn nema um væri að ræða ásættanlega niðurstöðu fyrir okkur. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur efni samningsins vel og taka þátt í atkvæðagreiðslu um samninginn. Ég mæli heilshugar með samþykkt hans.

Metþátttaka í launakönnun

Þátttaka í launakönnun FIT, sem lögð var fyrir félagsmenn í haust og birt er í þessu blaði, hefur ekki verið meiri frá stofnun félagsins. Aldrei hefur herra hlutfall félagsmanna tekið þátt.

Niðurstöðurnar gefa félaginu sérstaklega góða yfirsýn yfir launakjör félagsmanna, vinnutíma þeirra og afstöðu til styttingar vinnuvikunnar, svo dæmi séu tekin. Ekki síst gefur könnunin félaginu góðar vísbendingar um hvernig FIT getur bætt þjónustu sína við félagsmenn. Góð þátttaka endurspeglar mikinn áhuga á starfsemi félagsins og er það afar ánægjulegt.

Það er hins vegar þungbært að sjá í könnuninni að ríflega fjórðungur félagsmanna hefur af fjárhagsástæðum þurft að fresta læknisheimsókn eða kaupum á lyfjum á undanförunum 12 mánuðum. Yfirgengilegar hækkanir á neysluvörum, gjaldskrárhækkanir hins opinbera, himinhá verðbólga, vaxtahækkanir og hærri álagning vel stæðra olíufélaga hefur sannarlega reynst heimilum landsins þungur biti. Það er þyngra en tárúm taki að sjá fréttir um hækkanir á leikskólajöldum, skólamáltíðum og sorphirðu sveitarfélaganna, svo dæmi séu tekin. Hið opinbera ætti miklu frekar að vera í fararbroddi við að kveða niður verðbólguna, sem liggur eins og mara á þjóðinni.

Upplýsingabylting

Í skoðanakönnunum undanfarinna ára hefur komið á daginn að hluti félagsmanna telur sig ekki þekkja réttindi sín hjá félaginu nægilega vel. Þessi hópur fer því miður hægt stækkandi. Við þessari þróun er glænýrri heimasíða FIT ætlað að sporna. Á henni eru helstu efnisatriði kjarasamninga nú sett fram á myndrænan og aðgengilegan hátt.

Almenna reglan hjá stéttarfélagunum hefur verið sú að undirritaðir samningar eru skannaðir inn og settir hráir inn á síðurnar. Launþegar landsins hafa svo þurft að sækja skjalið, opna það með viðeigandi forriti, og „skrolla“ frá sér allt vit, ef þannig má að orði komast.

FIT hefur snúið baki við þessu fyrirkomulagi. Þegar smellt er á gildandi kjarasamning á vef FIT opnast yfirlitssíða yfir helstu atriði samningsins – þau atriði sem helst er spurt um. Þar má sjá yfirlit yfir launahækkanir kjarasamningsins, fjárhæð desember- og orlofsuppbóta, yfirvinnuprósentu og önnur lykilatriði í hverjum kjarasamningi. Þessi háttur verður viðhafður gagnvart öllum kjarasamningum sem undirritaðir verða í vetur og til frambúðar.

Nýja heimasíðan, sem hefur fengið sérstaklega góðar viðtökur, er frá grunni hönnuð með snjallsíma og -tæki í huga, í takt við breytt notkunarmynstur félagsmanna. Á meðal annarra nýjunga má nefna glæsilegt myndasafn, sem Rúnar Hreinsson ljósmyndari félagsins á veg og vanda af. Þar má sjá myndir frá útskriftum nýsveina, ferðum heldri manna félagsins, kröfugöngum og öðrum viðburðum sem tengjast FIT.

Á nýju vefsíðunni má skoða lista yfir alla þá sem lokið hafa sveinsprófi og panta vinnustaðaheimsókn frá félaginu, á einfaldan og þægilegan hátt. Undirritaður hvetur félagsmenn til að bóka fund með fulltrúum félagsins ef eitthvað á þeim brennur sem snýr að kjara- og/eða réttindamálum.

Kaldar kveðjur til sjóðfélaga

Þær voru kaldar kveðjurnar sem fjármálaráðherra sendi sjóðfélögum íslenskra lífeyrissjóða í haust þegar tilkynnt var að ÍL-sjóður fengi ekki meira fjármagn. Valkostirnir sem nefndir hafa verið eru að knýja sjóðinn í gjaldþrot eða ná samkomulagi við skuldabréfaeigendur, sem að stærstum hluta eru lífeyrissjóðir, um uppgjör. Um er að ræða gífurlega hagsmuni fyrir íslenska sjóðfélaga og óboðlegt að því sé hótad að knýja sjóðinn í þrot. Lífeyrissjóðirnir eru einhuga um samstarf vegna þessa máls og munu reka það af fullum þunga.

Í þessu samhengi er mér ljúft og skylt að benda á grein í þessu blaði eftir Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs. Þar rekur hann afar athyglisverðar lagabreytingar sem verða um áramótin á lögum um lífeyrissjóði. Þær eru til þess fallnar að auka sveigjanleika og, með tíð og tíma, hækka lífeyrisgreiðslur sjóðfélaga. Fyrir þessum mikilvægu breytingum hefur verið barist um langt árabil. Óhætt er að skora á félagsmenn að kynna sér efni greinarinnar í þaula.

Framtíðin björt

Þó að kjaradeilur og glíman við ríkisvaldið geti verið þungbærar hindranir varpa þær ekki skugga á þá staðreynd að fjölgun hefur verið í hópi þeirra sem ljúka sveinsprófum. Ekki er vanþörf á enda er verkefnastaða iðnaðarmanna með allra besta móti og ljóst að stórir hópar eldri iðnaðarmanna eru að komast á aldur. Fulltrúar FIT hafa í fyrsta sinn þetta haustið tekið þátt

í þremur útskriftum nýsveina. Þessar athafnir hafa verið til sóma, eins og myndirnar aftar í þessu blaði bera með sér, og ljóst að framtíðin er björt.

FIT býður þetta unga og efnilega iðnaðarfolk velkomið til starfa og hlakkar til samstarfs við það um ókomin ár.

Ómissandi félagsskapur

Í þessu blaði er meðal annars skemmtilegt viðtal við Lárus Lárusson blikksmíðameistara, sem mætir enn til vinnu sinnar, þótt áttæður sé, og tekur virkan þátt í félagsstarfi FIT. Hann fór á dögnum í sína þrettánda óvissuferð heldrimanna, á vegum félagsins. Þessar ferðir eru ómissandi þáttur í starfsemi félagsins og Lárus lýsir í viðtalinu vel hversu mikið þessi félagsskapur gefur þeim sem eru komnir á eftirlaunaaldur. Það er sannur heiður að fá gera sér glaðan dag með þessum skemmtilega hópi ár hvert og ég hvet ykkur til að lesa viðtalið við Lárus. FIT mun, venju samkvæmt, senda þátttakendum myndir úr ferðinni í þar til gerðri bók.

Nýtt starfsfólk

Í fréttabréfinu er einnig að finna viðtal við Þorstein Kristmundsson, sem meðal annars annast mælingar hjá félaginu og hefur í nokkur ár gegnt lykilhlutverki á skrifstofunni. Verkefni félagsins eru mörg, eins og Þorsteinn lýsir í viðtalinu, ekki síst þegar kjaraviðræður standa sem hæst og félagið stækkar jafn hratt og raun ber vitni. Það er þess vegna ánægjulegt að kynna til leiks tvo nýja starfsmenn félagsins, þau Karl Óttar Pétursson og Bergdís Lindu Kjartansdóttur, sem kynnt verða félagsmönnum nánar þegar færi gefst. Ráðning þeirra er til þess fallin að efla þjónustu við félagsmenn og býð ég þau velkomin til starfa.

Hátíðirnar fara nú í hönd. Félag iðn- og tæknigreina óskar félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þakkar fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.



Málarar að störfum í upphafi tuttugustu aldar í Aðalstræti.

“Ég ætlaði að verða bóndi”

**Málarameistarinn
Þorsteinn Kristmundsson
heldur utan um mælingu hjá FIT**

„Ég tók við mælingum í múrverki þegar Kjartan Tómasson lét af störfum og síðar mælingum í pípulögnum þegar Helgi Pálsson hætti,” segir Þorsteinn, um aðdraganda þess að hann gekk til liðs við FIT.

Óhætt er að segja að hann sé á réttum stað. Þorsteinn var varaformaður Málarafélags Reykjavíkur þegar FIT var stofnað árið 2003 og er því einn stofnenda félagsins. „Ég hef verið í félagsmálum alla mína hunds- og kattartíð,” segir hann um bakgrunn sinn og bætir við að hann sé sameiningarsinni. „FIT er samsett úr mörgum félögum og það er trú mín að við iðnaðarmenn komumst lengra með aukinni samvinnu.”

Þorsteinn vann sem málari allt frá fermingaráldri, hjá föður sínum. Í níu sumur málaði hann ljósastaura í borginni og segist raunar hafa málað hvern staur í borgarlandinu að lágmarki þrisvar. Það var í þeirri vinnu sem hann kynntist mælingu. „Í þessari vinnu var allt mælt og greitt eftir því. Við þurftum að skila 30 staurum á dag til að mælingin borgaði sig. Það var svolítið stíft og stundum komu rigningardagar – þá þurftum við að nýta helgarnar vel. En ég hafði fínar tekjur af þessu, fyrir ungan gutta.”

Þorsteinn ætlaði sér ekki að verða málari. Hann réð sig að loknu skyldunámi til vinnu á sveitabæ í Skagafirði og stefndi á Bændaskólann. „Ég ætlaði alltaf að verða bóndi,” segir hann og brosir. Áður en hann vissi af var hann hins vegar kominn í Iðnskólann og lauk sveinsprófi í málun um tvítugt. Hann var svo orðinn málarameistari 24 ára og starfaði lengst af í þeim geira.

Launin hærri í mælingu

Það var ekki síst reynsla hans af því að vinna í mælingu sem leiddi til þess að Þorsteinn gekk til liðs við FIT árið 2019 en í dag mælir hann bæði fyrir pípara og múrara. Hann heldur utan um texta, staðmælir og fylgir eftir útreikningum á launum fyrir sveina.



Hann hefur auk þess umsjón með trúnaðarmannakerfi félagsins og sinnir ýmsum öðrum tilfallandi störfum á skrifstofunni.

Þorsteinn segir kosti mælingar ótvíræða. „Þeir sem eru í mælingunni halda mun hærri launum en hinir. Á móti þurfa menn að vera mjög skipulagðir. Þeir sem vinna í mælingu halda tímunum sínum miklu hreinni og nýta tímann betur,” útskýrir hann.

Því miður hefur iðnaðarmönnum í mælingu fækkað jafnt og þétt. Þrátt fyrir það sé alltaf ákveðinn kjarni sem vinni í mælingu í múrverkinu en í pípulögnum starfi um tveir tugir manna með þessum hætti. Mælingin veiti félaginu dýrmætar upplýsingar þegar kemur að því að móta launakröfur iðnaðarmanna, svo dæmi sé tekið.

Fljótur í vinnuna frá Hveragerði

Þorsteinn fæddist í Reykjavík, skilgreinir sig sem Hafnfirðing en er búsettur í Hveragerði, ásamt eiginkonu sinni, Jennifer Ágústu Arnold. Þau hafa verið gift í 33 ár og fluttu úr Hafnarfirði austur fyrir fjall fyrir fimm árum. Það var skyndiákvörðun sem þau sjá ekki eftir. Í Hveragerði una þau hag sínum vel og starfa mikið með Leikfélagi Hveragerðis. Þorsteinn hefur til að mynda málað sviðsmyndir fyrir leikfélagið allar götur síðan þau fluttu austur. „Þetta er okkar helstar áhugamál,” segir hann. Þorsteinn er líka ötull stangveiðimaður og nýtur þess renna fyrir fisk í vötnunum í nágrenninu.

Þorsteinn segist aðspurður að jafnaði vera um 27 mínútur að keyra í vinnuna á morgnana, sem sé skemmri tími en þegar hann bjó á Völlum í Hafnarfirði. Hann viðurkennir þó að heiðin geti stundum verið farartálmi. „En flesta daga er ekkert að færð,” segir hann að lokum.

Átakapingi frestað

Hilmar Harðarson, formaður FIT, Samiðnar og þriðji varaforseti ASÍ skrifar

Ping Alþýðusambands Íslands (ASÍ), hið 45. í röðinni, var haldið 10.-12. október á Nordica-hótelinu í Reykjavík. Þingið telst sögulegt fyrir þær sakir að vegna átaka innan hreyfingarinnar tókst ekki að ljúka því. Þinginu var frestað og þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir hvenær því verður fram haldið.

Þingið hófst að morgni mánudagsins 10. október þegar um 300 fulltrúar komu saman í aðalsalnum. Kristján Þórður Snæbjarnason, starfandi forseti ASÍ, flutti setningarræðu og á eftir honum tók til máls Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra. Ólafur Margeirsson, doktor í hagfræði, var síðan í beinu streymi frá heimili sínu í Sviss. Ólafur fór yfir fasteignamarkaðinn í Sviss og sagði frá fjárfestingum lífeyrissjóða þar í íbúðarhúsnæði. Hann er talsmaður þess að íslenskir lífeyrissjóðir byggja íbúðarhúsnæði og leigi það út en kaupi ekki fyrirbyggjandi eignir. Hann segir að áhættuleiðrétt ávöxtun sjóðanna á leigumarkaði yrði góð.

Deilt um kjörbréf Eflingar

Við afgreiðslu kjörbréfa kom upp ágreiningur þegar því var haldið fram að félagar í Eflingu hefðu ekki átt lýðræðislega aðkomu að vali á fulltrúum til þingsins. Þessu andmælti formaður Eflingar og hlaust af nokkur rekistefna. Tillaga kom fram um að kjörbréf fulltrúa Eflingar á þinginu yrðu lýst ógild en hún var tekin til baka áður en til atkvæðagreiðslu kom. Kjörbréfanefnd lýsti kjörbréf fulltrúa Eflingar lögleg.

Georg Páll Skúlason, formaður Grafíu, var kjörinn þingforseti og þær Anna María Elíasdóttir, FVSA, og Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir, AFL-i, varaforsetar. Trausti Jörundarson, Lilja Sæmundsdóttir, Svanhildur Þórsteinsdóttir og Gundega Jaunlinina voru kjörin skrifarar þingsins.

Mikilvæg stefnumótunarvinna

Þá hófst kynning á stefnumótunarmíðstjórnar. Formenn sex nefnda fóru yfir fyrirbyggjandi drög míðstjórnar að stefnumótun. Finnbogi Sveinbjörnsson kynnti tillögur um kjaramál og vinnumarkað, Kristján Þórður Snæbjarnarson um jafnrétti og menntun, Guðrún Elín Pálsdóttir gerði grein fyrir tillögum varðandi framtíð vinnumarkaðar, Bjarni Þór Sigurðsson fjallaði um húsnæðismál og velferð og Hörður Guðbrandsson um efnahag, kjör og skatta.

Sjálfur fór ég yfir nokkur atriði varðandi lífeyrismálin. Ég sagði að merkur sigur hefði unnist í sumar þegar 15,5% framlag í lífeyrissjóði var lögfest. Jöfn réttindi innan opinbera geirans og einkageirans hafa lengi verið okkar baráttumál en því miður eru félagar okkar, sjómennirnir, enn þá utan þessa samkomulags enda samningslausir. Ég lagði áherslu á að baráttu þeirra ættum við öll að styðja.

Ég sagði frá rökræðufundi ASÍ á Selfossi um lífeyrismálin sem var að mínu mati merkilegur og gagnlegur. Einnig gerði ég að umtalfsni skerðingar og tekjutengingar ríkisvaldsins sem taka þarf hressilega á. Við eigum að gera kröfu um að lægstu greiðslur úr lífeyrissjóðum verði ekki skertar og lífeyrir frá Tryggingastofnun hækki eftir því sem kerfið þroskast.

Þá ræddi ég örorkubyrði lífeyrissjóða sem er mjög misjöfn og jöfnunargreiðslur frá ríkinu til sjóðanna. Þó nokkuð margir sjóðir eru illa farnir vegna örorkubyrðar. Við þurfum að jafna stöðuna með kröfu á ríkið. Aukin örorka á ekki að koma niður á lífeyrisþegum.

Loks nefndi ég breyttar eigendastefnur lífeyrissjóðanna og þann árangur sem við höfum náð með því að beita okkur fyrir breytingum á aðalfundum þeirra.

Kristján Þórður Snæbjarnarson fór yfir skýrslu forseta og endurskoðandi ASÍ gerði grein fyrir ársreikningum. Þingdeginum lauk með kynningu á lagabreytingatillögum frá skipulags- og laganeftnd Alþýðusambandsins.

Formenn hafna ASÍ

Á þriðjudeginum hófum við hina eiginlegu málefnavinnu í nefndum. Sú vinna gekk vel en hlé var gert þegar tilkynnt var um dagskrárbreytingu og allir fulltrúar voru kallaðir til fundar í aðalsalnum. Á dagskrá var umræða um störf þingsins og stöðuna í hreyfingunni.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessa atburðarás nánar, hún ætti að vera flestum kunn innan hreyfingarinnar og tengist þeim persónulegu átökum sem þar hafa farið fram síðustu misseri. Í stuttu máli lauk þessum dagskrárlíð þannig að fjórir leiðtogar í hreyfingunni, þau Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins, Hörður Guðbrandsson, formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, lýstu því yfir að þau ættu ekki lengur samleið með Alþýðusambandinu og gengu af fundi. Þeir Ragnar Þór og Hörður eru aðalmenn í míðstjórn Alþýðusambandsins auk þess sem sá fyrrnefndi er jafnframt 1. varaforseti ASÍ. Þau Sólveig Anna og Vilhjálmur eru áheyrnarfulltrúar í míðstjórn.



Afgangurinn af öðrum þingdegi fór í umræðu um þessa atburði alla. Þegar fulltrúar mættu til fundar klukkan 10 að morgni miðvikudags lá fyrir svohljóðandi tillaga: „45. þingi Alþýðusambands Íslands er frestað. Þingi skal framhaldið að ákvörðun miðstjórnar ekki síðar en 30. apríl 2022.“

Í umræðu um tillöguna kom fram sú skoðun að ljúka bæri þinginu, kjósa nýjan forseta, varaforseta og miðstjórn. Þá töldu margir afleitt að ekki reyndist unnt að halda áfram málefnavinnunni sem þótti hafa tekist mjög vel.

Sjálfur sagði ég í umræðu um tillöguna að okkur væri augljóslega vandi á höndum. Hluti félaga okkar hefði gengið af fundi og lagði ég áherslu á að rúmlega hundrað ára saga Alþýðusambandsins mætti ekki líða fyrir gerræðislegar ákvarðanir. Lét ég því næst í ljós þá von að okkur myndi takast að ná, hið minnsta, hluta af hópnum til baka og lýsti yfir stuðningi við tillöguna.

Mikill meirihluti fulltrúa reyndist fylgjandi tillögunni. Hún

var að sögn forseta þingsins samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 20. Í salnum voru 203 fulltrúar.

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir fór starfandi forseti ASÍ í pontu og frestaði þinginu. Var klukkan þá um hádegisbil.

Skýrt umboð miðstjórnar

Ég sit í miðstjórn sem starfar áfram þar sem, því miður, ekki tókst að ljúka verkefnum þingsins. Boltinn er nú hjá miðstjórn sem falið var að boða til framhaldsþings eigi síðar en 30. apríl á næsta ári. Ég vek athygli á að þessi dagsetning varðar aðeins sjálfa boðun þingsins en ekki hvenær það verður haldið. Á þessari stundu er ógerlegt að segja til um hvenær þingið verður kallað saman að nýju.

Ég mun vinna að því af heilum hug að reyna að koma á sáttum innan hreyfingarinnar. Ég veit að innan miðstjórnar er einnig vilji til þess. Umboð okkar er skýrt og í samræmi við fyrirmæli þingsins.

”

Ásættanlegt í ljósi stöðunnar“

Það er sameiginlegt verkefni allra aðila að vinna bug á verðbólgu og háum vöxtum. Framkvæmdastjóri Samiðnar segir nýgerða kjarasamning atlögu að því markmiði.



Guðfinnur Þór Newman, framkvæmdastjóri Samiðnar

„Ég held að samningarnir sem slíkir séu ásættanlegir í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í samfélaginu.“ Þetta segir Guðfinnur Þór Newman, framkvæmdastjóri Samiðnar, sem var að ljúka sinni fyrstu samningalotu vegna kjarasamninga í því hlutverki. Lotunni lauk með undirskrift nýrra samninga, sem nú verða kynntir og lagðir í dóm félagsmanna.

Guðfinnur segir að stóra málið í kjaraviðræðunum hafi annars vegar verið að ná tókum á verðbólgu og vaxtastigi í landinu. Það séu þættir sem allir landsmenn finni fyrir. Hins vegar hafi verið nauðsynlegt að ná fram hlutfallshækkun launa. Hann kveðst ánægður með þá niðurstöðu sem birtist í samningunum, þar sem meðal annars er kveðið á um 6,75% hækkun launa á samningstímabilinu. „Við lögðum af stað með að ná fram prósentuhækkunum launa og við náðum því að miklu leyti,“ segir hann.

Röddin verður sterkari í samfloti

Guðfinnur, sem er viðskiptafræðingur að mennt og er á sínu fyrsta ári hjá Samiðn, hefur brennandi áhuga á kjaramálum

og býr að áralangri reynslu af samningaviðræðum, sem komið hefur að góðum notum að undanfögnu. Hann kom fyrst að kjaramálum eftir að hann hóf störf hjá Samtökum sveitarfélaga fyrir 22 árum. Hann vann meðal annars í áratug að kjaramálum hjá Reykjavíkurborg en var framkvæmdastjóri Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í hálf t fjórða ár áður en hann gekk til liðs við Samiðn. „Ég hafði samið við marga hér í húsinu þegar ég hóf störf. Mér var afskaplega vel tekið, hér er gott og fólk,“ segir hann um vinnustaðinn sinn á Stórhöfða.

Samflot iðnaðar- og verslunarmanna hefur í för með sér að verið var að semja semja fyrir hönd stórs hóps í samfélaginu. Guðfinnur, sem er fæddur og uppalinn í Keflavík, segist á eigin skinni hafa fundið hvernig röddin verður sterkari og

slagkrafturinn meiri þegar menn ganga í takt. Hann bendir á að fyrstu kjarasamningar hvernar samningalotu séu jafnan gerðir á milli fulltrúa stórra hópa. Þeir samningar leggi línurnar fyrir þá sem á eftir koma. Miklu máli skipti að eiga fulltrúa við það borð. Sú hafi verið raunin í þetta sinn.

Litlu félögin skipta miklu máli

Þeir Guðfinnur framkvæmdastjóri og Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar, lögðu í haust land undir fót og héldu röð funda með aðildarfélögum á landsbyggðinni. Fundirnir voru ákaflega vel heppnaðir. Guðfinnur segir að þeir Hilmar hafi þar fengið dýrmætar upplýsingar um sjónarmið þessara mikilvægu félaga innan Samiðnar. „Ég hef í kjölfar þessara funda átt góð samtöl við marga formenn úti á landi og mér finnst mjög mikilvægt að huga sérstaklega vel að landsbyggðarfélögum. Þau skipta okkur mjög miklu máli og sjónarmið þeirra eru ekkert síður mikilvæg en sjónarmið stóru félaganna sem eru innan okkar raða í þessu húsi.“

Í því samhengi bendir hann á að á landsbyggðinni skipti oft miklu máli að færa taxta að greiddu kaupum – svo þeir sem fá greitt eftir taxta sitji ekki eftir. Hann bendir líka á að almennt séð skipti máli að tryggja hvata til menntunar. Bilið milli faglærðra og ófaglærðra megi ekki vera of lítið.

Verkefni næstu kjaralotu

Guðfinnur hefur bent á að iðnaðarmenn hafi dregist aftur úr þegar kemur að launum. Því sé ánægjulegt að geta samið um hækkanir nú. Hann segir að þrátt fyrir að samningurinn, sem gildir til 31. janúar 2024, sé að mörgu leyti góður séu ýmis atriði ekki í samningnum, atriði sem hann hefði viljað komast lengra með. Það verkefni bíði næstu kjaralotu. „Við höfðum engan áhuga á að gera háa nafnlaunasamninga núna, sem myndu brenna upp í verðbólgu. Við vildum berjast gegn verðbólgunni. Heilt yfir er ég ánægður með niðurstöðuna og trúir því að þetta verði félagsmönnum aðildarfélaga Samiðnar til góða,“ segir hann að lokum en kynningu á nýgerðum kjarasamningum er að finna í þessu blaði.



Guðfinnur kveðst ánægður með þá niðurstöðu sem birtist í samningunum, þar sem meðal annars er kveðið á um 6,75% hækkun launa á samningstímabilinu

Helstu atriði nýs kjarasamnings

Samiðn undirritaði fyrir hönd aðildarfélaganna sinna framlengingu á kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins, sem gerður var árið 2019, í Karphúsinu á mánudag. Gildistími samningsins er stuttur, aðeins 15 mánuðir, eða frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Meginmarkmið samningsins er að styðja við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á óvissutímum. Mikil verðbólga og háir stýrivextir hafa undanfarin misseri dregið úr kaupmætti og þyngt greiðslubyrði lána íslenskra heimila. Samningurinn á að stuðla að stöðugleika og skapa forsendur fyrir langtímasamningi. Vinna við hann er þegar hafin.

Athygli er vakin á því að samningurinn kveður á um frestun viðræðna um önnur atriði en launalið í kröfugerðum aðila. Samninganefndir hafa samþykkt verkáætlun sem kveður á um að allri vinnu vegna þeirra atriða, sem sjá má í töflu hér að neðan, verði lokið í desember 2023.

Fylgst með þróun verðlags

Samhliða samningnum undirrituðu aðilar hans yfirlýsingu um skipun sameiginlegs starfshóps sem hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu efnahagsmála, þróun verðlags og undirliggjandi þátta. Hópurinn mun funda mánaðarlega en mun einnig eiga fundi með fulltrúum Seðlabanka Íslands, fjármála- og efnishagsráðuneytis, Hagstofu Íslands auk innviðaráðuneytisins vegna húsnæðismála. Gangi forsendur kjarasamninga ekki eftir getur hópurinn greint orsakirnar og kallað eftir skýringum. Jafnframt munu aðilar samningsins skipa sérstaka forsendunefnd sem getur kallað til sérstaks fundar á milli aðila ef forsendur um þróun verðlags breyta.

Stuðningur stjórnvalda

Ríkisstjórnin hefur kynnt aðgerðir í tengslum við kjarasamningasem eru til þess fallnar að styðja við markmið samningana um að verja kaupmátt og lífsskjör fólks. Aðgerðirnar snúa einkum að stuðningi við lífsskjör lág- og millitekjufólks með markvissum aðgerðum í húsnæðismálum og auknum stuðningi við barnafjölskyldur.

Hækkun launa

Samningurinn, sem er afturvirkur, kveður á um 6,75% launahækkun frá 1. nóvember síðastliðnum.

Laun geta þó að hámarki hækkað um 66.000 krónur á grundvelli samningsins á samningstímanum. Samningurinn kveður með öðrum orðum á um hlutfallshækkun launa með krónutölupaki

Kjaratengdir liðir hækka um 5% frá 1. nóvember, nema um annað hafi verið samið.

Einingarverð í ákvæðisvinnu hækkar um 6,75%, einnig frá 1. nóvember.

Um áramótin verður fyrsta útborgun launa á grundvelli nýs kjarasamnings, verði hann samþykktur í atkvæðagreiðslu. Þá eiga atvinnurekendur jafnframt að greiða út það sem upp á launin vantaði fyrir nóvembermánuð, í ljósi afturvirkra hækkana.

Desember- og orlofsuppbót

Samningurinn kveður á um hækkun desember- og orlofsuppbóta. Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf verður 103 þúsund krónur árið 2023. Hækkunin frá árinu 2022 nemur 5.000 krónum.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður 56.000 krónur árið 2023. Það er einnig 5.000 króna hækkun frá árinu 2022. Samanlagt hækka desember- og orlofsuppbætur því um 10.000 krónur á milli ára.

Hagvaxtarauki efndur

Í lífskjarasamningnum frá 2019 var kveðið á um sérstakar viðbótarlaunahækkanir launa ef efnahagsþróun á samningstímanum yrði hagfelld. Sérstök forsendunefnd hefur lagt mat á þær forsendur en hækkanirnar hafa komið til framkvæmda 1. maí. Með þeim launahækkunum sem framlengdur kjarasamningur kveður á um hefur hagvaxtarauki sem átti að koma til greiðslu 1. maí 2023 verið efndur og honum raunar flýtt.

Ekki mun koma til frekara endurmats á hagvaxtarauka samkvæmt kjarasamningi 2019-2022.

Vinnutími

Í samningnum er ákvæði sem fjallar um styttingu vinnuvikunnar. Iðnaðar- og tæknifólk hefur á grundvelli lífskjarasamningsins tekið tvö skref þar að lútandi. Annars vegar hefur á vinnustöðum verið samið um að unnar séu 36 virkar vinnustundir samhliða niðurfellingu kaffitíma. Hins vegar hefur vinnutími, þar sem samkomulagi hefur ekki verið náð, verið stytur í 36 stundir og 15 mínútur á viku.

Aðilar samningsins eru sammála um að einfalda vinnutímaákvæði kjarasamnings og samræma. Frá og með 1. febrúar 2024 verður vinnutími á viku 36 virkar vinnustundir Deilitala dagvinnutímakaups verður frá sama tíma 156.

Tímarammi

Í samningnum segir að tilkynna skuli um afgreiðslu kjarasamninga miðvikudaginn 21. desember. Þá skulu niðurstöður kosninga liggja fyrir.

Verkáætlun vegna annarra atriða en launaliðs

Verkefni	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Kjarasamningur fyrir tæknigreinar	Er hafið	Október 2023
Vinna við bókanir, einföldun og samræming	Er hafið	Nóvember 2023
Vinnutími, sveigjanleiki, fjarvinna og réttur til að aftengjast	7. mars 2023	Desember 2023
Vaktavinna	7. febrúar 2023	Desember 2023
Ákvæðisvinna	14. febrúar 2023	Júní 2023
Önnur mál (veikindi, iðnnemar, launakerfi, verkefnaráðningar, flutningslína o.fl.)	14. mars 2023	Desember 2023

**Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla- og
nýárskveðjur.**



Norðurlandaþing hársnyrta í Reykjavík

Norðurlandaþing hársnyrta fór fram í Reykjavík daganna 5.-7. september síðastliðinn. Ísland hefur gegnt formennsku á þinginu undanfarin tvö ár en nú taka Norðmenn við keflinu í önnur tvö. Dagskráin á þinginu var þétt enda af nógu að taka. Hefð er fyrir því að hvert land geri á þinginu grein fyrir stöðu greinarinnar í sínu landi, svo sem er varðar launakjör, vinnuvernd, fjölda nemenda í hársnyrtiið, stöðu lokaprófa og fleiri þátta.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ, hélt á þinginu erindi um stöðu mála á íslenskum vinnumarkaði ásamt því að kynna fyrir gestum þingsins muninn á ferli kjaraviðræðna á Íslandi, samanborið við Norðurlöndin. Á þinginu flutti Róbert Farestveit, hagfræðingur ASÍ, jafnframt erindi um stöðu efnahagsmála og framtíðarhorfur á Norðurlöndunum og í Evrópu.

Vinnuverndarmál voru ofarlega á baugi á þinginu. Guðmundur Már Magnússon, sérfræðingur hjá Vinnueftirliti ríkisins, greindi frá efni nýrrar greinar um vinnuverndarmál, sem gefin var út af stofnuninni nýverið. Í máli hans kom meðal annars fram að undanfarin fimm ár hafi engir atvinnusjúkdómar verið skráðir í greininni.

Á þinginu fluttu einnig Rán Reynisdóttir og Heiðrún Birna Rúnarsdóttir erindi um gang mála þegar kemur að umhverfismálum innan greinarinnar á Íslandi og um þá þróun sem orðið hefur innan hársnyrtiiðnar hér á landi undanfarin áratug. Í máli þeirra kom meðal annars fram að áhugi nemenda og starfandi fagfólks á umhverfismálum innan greinarinnar hefur aukist mjög.

Þingið þótti heppnast vel í alla staði og gestir þess lýstu yfir ánægju sinni með heimsóknina til Íslands. Blíðan lék við gesti þingsins enda skartaði íslenska haustið sínu fegursta meðan á þinginu stóð.





Bylting í upplýsingagjöf

Spennandi nýjungar líta dagsins ljós á glænýjum vef FIT

Nýr vefur FIT - Félags iðn- og tæknigreina hefur verið tekinn í notkun. Þótt vefurinn byggi á grunni þess gamla er óhætt að segja að tilkoma hans bylti upplýsingagjöf til félagsmanna.



Hér sést hvernig upplýsingar úr kjarasamningum eru settar fram.

Ein stærsta breytingin frá gamla vefnum er sá hluti nýja vefsins sem snýr að kjarasamningum. Fram til þessa hafa kjarasamningar flestra stéttarféлага aðeins verið aðgengilegir í heild á PDF-formi. Til að finna tiltekið atriði í kjarasamningi hefur þurft að hlaða niður skjali, opna það með öðru forriti og hefja þar leitina.


FIT hefur á nýja vefnum kvatt þessa aðferð og látið greina aðalatriði nokkurra núgildandi samninga. Þau atriði eru á nýjum vef sett fram á myndrænan og einfaldan hátt. Allir nýir samningar, sem gerðir verða komandi mánuðum, verða settir fram með þessum hætti.

Þetta virkar þannig að þegar smelt er á gildandi kjarasamning við Samtök atvinnulífsins, svo dæmi sé tekið, opnast yfirlitssíða sem sýnir helstu atriði samningsins í línuritum og gagnvirkum töflum. Þannig má á einum stað, án þess að opna annað forrit, sjá hvernig launin hækka á samningstímanum, hvernig upphæð desember- og orlofsuppbótar þróast, hvernig yfirvinnuprósentur taka breytingum, hvernig þróun launataflna yfir samningstímann verður og hver önnur helstu atriði samningsins eru. Áfram er þó hægt að nálgast samninginn í heild sinni, fyrir þá sem það kjósa.

Bókaðu vinnustaðaheimsókn

Á nýja vefnum er að finna fleiri nýjungar. Þar er til dæmis hægt að panta vinnustaðaheimsókn. Þegar það hefur verið gert mætir fulltrúi félagsins á vinnustaðinn og fundar með félagsmönnum um þau atriði sem á þeim brenna; svo sem um launamál, vinnutíma eða önnur kjarasamningsbundin réttindi. Heimsóknir á vinnustaði er eitt af þeim atriðum sem Hilmar Harðarson, formaður félagsins, hefur lagt áherslu á að efla. Þær veita féluginu dýrmæta innsýn í störf, aðbúnað og hug félagsmanna. Þær eru jafnframt til þess fallnar að efla tengsl félagsins við félagsmenn.

Á nýja vefnum hefur leiðarkerfið verið einfaldað og gert aðgengilegra. Notendur munu finna að mun auðveldara en áður er að finna þá efnisflokkar sem leitað er að.



Einfaldara er að leita að upplýsingum á nýjum vef.

Myndir úr starfinu

Myndum er gert hátt undir höfði á nýjum vef. Þar eru aðgengileg skemmtileg myndasöfn sem Rúnar Hreinsson, ljósmyndari félagsins, á veg og vanda að; svo sem af ferðum heldrimanna félagsins, afhendingu sveinsbréfa og hátíða-höldum. Myndirnar veita félagsmönnum FIT góða innsýn í störf félagsins.

Nýr vefur er liður í því markmiði Félags iðn- og tæknigreina að efla upplýsingagjöf til félagsmanna. Við hönnunina var áhersla lögð á að framsetning upplýsinga sé þjál óháð því hvaða tækjabúnaður er notaður til að heimsækja vefinn; hvort sem um er að ræða snjallsíma, spjaldtölvu eða borðtölvu. Kjarasamningar geta hvoru tveggja verið langir og flóknir aflestrar. Það er von félagsins að vefurinn muni nýtast félagsmönnum vel á komandi árum og einfalda til muna leit þeirra að mikilvægum upplýsingum um réttindi þeirra og kjör.

Stjórn og starfsfólk FIT óskar félagsmönnum til hamingju með nýjan og glæsilegan upplýsingavef.

www.fit.is

Desemberuppbót 2022

Desemberuppbótin á almennum markaði, að meðtöldu orlofi, er **98.000 krónur** og skal greiðast í síðasta lagi **15. desember** miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsmenn sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember eiga rétt á desemberuppbót.

Starfsmenn í ákvæðisvinnu fá greidda desemberuppbót líkt og aðrir.

Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar. Iðnnemar í fullu starfi hjá fyrirtæki á námstíma fá fulla desemberuppbót. Fullt starf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Desemberuppbót ólíkra samninga:

Almenn desemberuppbót*: 98.000 kr.
Kirkjugarðar Reykjavíkur: 109.100 kr.
Landsvirkjun: 142.226 kr.
Norðurál Grundartangi: 244.896 kr.
Rio Tinto (ISAL): 227.075 kr.
Orkuveita Reykjavíkur: 114.000 kr.
Reykjavíkurborg: 106.100 kr.
Samband íslenskra sveitarfélaga: 124.750 kr.
Strætó: 106.100 kr.


***Almenn desemberuppbót gildir fyrir kjarasamninga við eftirtalda aðila:** Samtök atvinnulífsins, Bílgreina-sambandið, Félag pípulagningameistara Félag ráðgjafa-verkfæðinga, Meistarassamband byggingamanna, Ríkið, Snýrtífræðingar og Samband garðyrkjubænda.

Laun og launaþróun

Samantekt unnin fyrir FIT af hagdeild ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands.


Meðallaun á almennum markaði á árinu 2021

Fullvinnandi



Laun iðnaðarmanna árið 2021


Fullvinnandi á almennum vinnumarkaði



Heimild: Hagstofa Íslands

Meðaltal heildarlauna 2021 e. störfum


Mánaðarlaun í þúsundum króna



*Laun pípara framreikningur á launum frá 2020 því gögn lágu ekki fyrir.
Framreikningur hagfræðingur ASI

Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e. störfum

Meðaltal ársins 2021 og framreikningur mv. launavísitölu iðnaðarmanna til ágúst 2022.
Mánuðurinn 160 klst.



Heimild: Hagstofa Íslands.
Framreikningur, hagfræðingur ASI

Kjarakönnun FIT 2022


Kjarakönnun Félags iðn- og tæknigreina var lögð fyrir félagsmenn nú í nóvember. Hér fyrir neðan eru helstu niðurstöður könnunarinnar en þátttaka sló öll fyrri met. Ríflega 1.250 manns tóku þátt en til samanburðar voru þátttakendur í fyrra 858.

Fimm vinningshafar voru dregnir út eftir að hafa tekið þátt í launakönnuninni. Tveir þátttakendur unnu helgardvöl að eigin vali í orlofshúsum FIT, utan orlofstímabils. Þrír þátttakendur unnu 30 þúsund króna ferðaávísun, sem hægt er að nota til að kaupa gistingu á hótélum og gistiheimilum um land allt. FIT þakkar félagsmönnum fyrir frábærar viðtökur við könnuninni og óskar eftirfarandi þátttakendum til hamingju með vinningana.


Vinningshafar:

- 1. vinningur** - helgardvöl í orlofshúsi - Vinningshafi: **Andrea Pálmadóttir**
- 2. vinningur** - helgardvöl í orlofshúsi - Vinningshafi: **Egill Daði Axelsson**
- 3. vinningur** - Ferðaávísun (30.000 kr.) - Vinningshafi: **Björn Ívar Eiríksson**
- 4. vinningur** - Ferðaávísun (30.000 kr.) - Vinningshafi: **Sartak Ahmed Hassan**
- 5. vinningur** - Ferðaávísun (30.000 kr.) - Vinningshafi: **Guðbjartur Rúnar Magnússon**


Á hvaða aldri ert þú?




Hverjar voru heildartekjur þínar í okt. fyrir skatta?




Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?



Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þjónustu FIT?




Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með útfærslu styttingu vinnuvikunnar?

Svör þeirra sem vinna þar sem styttingin hefur verið útfærð




*Laun pípara framreikningur á launum frá 2020 því gögn lágu ekki fyrir.
Framreikningur hagfræðingur ASÍ


Hversu mikilvægt finnst þér að leggja áherslu á styttingu vinnuvikunnar í næstu kjarasamningum?




Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu í starfi?




Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu í með launin þín?




Hefur þú af fjárhagsástæðum þurft að fresta því að leita til læknis, tannlæknis eða kaupa lyf síðastliðna 12 mánuði?




Náðir þú (eða maki þinn, ef við á) endum saman um síðustu mánaðamót?





Hefur komið fyrir að þú hefur fengið rangt greitt?





Hver er dagvinnutaxtinn þinn?
Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bílgreinar

Hver er dagvinnutaxtinn þinn?
Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar



Hver er dagvinnutaxtinn þinn?
Meðaltal dagvinnutaxta fyrir málm-, véltækni- og framleiðslugreinar

Nýsveinahátíð

Afhending sveinsbréfa fór fram á glæsilegri nýsveinahátíð á Hilton Reykjavík Nordica þann 6. október. IDAN - fræðslusetur átti veg og vanda að hátíðinni sem var hin glæsilegasta með tónlist og veitingum.

Að þessu sinni voru afhent sveinsbréf í bakaraiðn, framleiðslu, matreiðslu, bifreiðasmíði, bílamálun, blikksmíði, húsasmíði, málaraíðn, múraraiðn, pípulögnum og veggfóðrun.

FIT óskar nýsveinum til hamingju og velfarnaðar í framtíðinni.






”

Svakalega vel boðið af FIT”

Lárus Lárusson blikksmíðameistari hefur starfað við fag sitt samfleytt í 60 ár. Hann varð áttæður fyrr á árinu og mætir enn til vinnu í hverri viku. Hann fór í haust í sína þrettánda óvissuferð á vegum FIT og segir félagið eiga heiður skilinn fyrir að halda utan um þá sem komnir eru á eftirlaunaaldur.



„Ég ætlaði að verða trésmiður,” segir Lárus þegar hann rifjar upp hvernig það bar að hann lagði fyrir sig blikksmiði. Hann útskrifaðist úr trésmíðadeild gagnfræðaskólans 1959. Sumarið árið hafði hann árangurslaust leitað til tveggja meistara í trésmíði – sem hvorugur gat tekið við honum á þeirri stundu. Vinur hans, Garðar Erlendsson, var þá nýbyrjaður að læra blikksmiði hjá Nýju blikksmiðjunni og úr varð að þar réð Lárus sig til reynslu. Eitt af fyrstu verkunum var að sníða til útflatninga fyrir stórar vatnsfötur. Hann naut handleiðslu Jóns Rögnvaldssonar, eins stofnenda Félags blikksmiða, fyrst um sinn.

Lárus hafði gaman af vinnunni og komst fljótlega á samning. Þar skemmdi ekki fyrir að hann var kominn af stað í iðnnámi. „Það má segja að tilviljun hafi ráðið því að ég fór í blikkið. Ég ætlaði að feta í fótspor afa míns og læra trésmíði,” segir hann. Eftir tvær eða þrjár vikur í starfi var Lárus sendur austur á Selfoss til að vinna í Mjólkurbúi Flóamanna. Nýja blikksmiðjan hafði þar næg verkefni á þessum árum, svo sem við uppsetningu loftræstikerfa og á þaki mjólkurbúsins. Heyra má á Lárusi að sú vinna hafi verið honum ákveðin eldskír.

Líkamlega krefjandi vinna

Hjá Nýju blikksmiðjunni störfuðu um 30 manns fyrstu ár Lárusar. Þar af unnu sex eða sjö menn að jafnaði við framleiðslu hjólbara – gömlu gerðarinnar með trékjálkunum. Lárus segir að oft hafi tveir vörubílar í viku flutt hjólbörur til hafnar í strandferðaskipin, þaðan sem þær voru fluttar út á land. Frystihúsin voru stórtækust en steypustöðvarnar keyptu einnig mikinn fjölda hjólbara. „Það voru mikil afföll í steypuvinnunni svo þeir keyptu stundum af okkur nýjar hjólbörur daglega. Svo vorum



Lárus við Grensásveg, árið 1969.

við stundum að smíða frystipönnur fyrir frystihúsin úti á landi,” segir Lárus aðspurður um helstu verkefni á fyrstu árunum í starfi.

Vélakosturinn var ekki merkilegur á sjötta áratugnum, að sögn Lárusar. Nýja blikksmiðjan var búin einum fjögurra feta vélhníf. Annars var allt galvaniserað járn klippt með handsaxi og beygt með afslunum. „Maður renndi plötunum inn í handsaxið og klippti renninga þar. Það gat verið þungt að klippa allt að tveggja millimetra þykkt járn. Svo þurfti oft tvo eða jafnvel þrjá menn til að beygja tveggja millimetra þykkar plötur í vinkel. Þetta voru oft mikil átök,” segir Lárus og bætir svo við: „En eftir á að hyggja var þetta bara skemmtilegt.”

Tveir yfirvinnutímar á dag

Aðbúnaður starfsfólks, vinnutími og kjör hafa að sögn Lárusar tekið stakkaskiptum frá því sem áður var. Vinnudagurinn hófst jafnan klukkan hálfátta á morgnana. Honum lauk yfirleitt um klukkan hálf sjö en stundum rúmlega sjö. „Maður þurfti á því að halda að vinna átta til níu tíma auk tveggja tíma í eftirvinnu. Þetta voru því oftast ellefu tímar,” útskýrir Lárus.

Hann var á svokölluðu verkamannakaupi hjá Nýju blikksmiðjunni allt þar til hann hafði lokið sveinsprófi. Samferðamenn hans í náminu voru margir á lærlingskaupi, sem var mun lægra. Á móti kom að í tilfelli lærlinga sá meistarinn sem hafði þá á samningi um að greiða fyrir bækur og annað sem tilheyrði skólanum. Lárus greiddi námsgögnin hins vegar úr eigin vasa. Hann segir aðspurður að launin hafi ekki verið há á þessum tíma. Menn hafi ekki getað án eftirvinnunnar verið. „Það vildi þannig til að mér bauðst stundum aukavinna; það var vinna í akkorði við að smíða ramma í frystipönnur. Það var hægt að hafa ágætispening upp úr því.” Launin hækkuðu svo þegar hann hafði útskrifast sem blikksmiður. „Þetta var engu að síður frekar rýrt,” segir Lárus þegar hann lítur til baka.



Hér er Lárus 17 ára á þaki Mjólkurbús Flóamanna, skömmu eftir að hann hóf störf hjá Nýju blikksmiðjunni 1959.

Vinnutíminn var á þessum tíma 44,5 stundir á viku en yfir sumartímann fengu þeir laugardaginn greiddan til hádegis. Orlof var á þessum árum 21 virkur dagur. Hann bendir á að í dag fengi hann 30 daga, ef hann væri í fullu starfi.

Lárus segir að menn hafi á þessum tíma þurft að vinna í nokkra mánuði til að öðlast fullan veikindarétt en hann hafi þó ekki verið sambærilegur við það sem gerist í dag. Hlíðarfatnað þurfti starfsfólk á þessum tíma að kaupa á eigin kostnað. „Það voru engar kröfur þarna í byrjun um hjálma og annan öryggisbúnað. Í dag eru kjarasamningar þannig að fyrirtæki útvega allan hlífðarfatnað, bæði úti og inni; öryggisskó, hjálma, sloppa og annan vinnufatnað. Þetta var ekki í boði þegar ég byrjaði.“

Varð vitni að vinnuslysi

Aðspurður segist Lárus hafa sloppið mjög vel við meiðsli þó hlífðarbúnaður hafi verið bágborinn. Hann hafi aldrei lent í vinnuslysi. Hann varð hins vegar vitni að slysi þegar samstarfsfélagi hans hjá Nýju blikksmiðjunni skar framan af fingrum í vélhnífnum. „Ég sá allt í einu hvar puttarnir lágu á plötunni fyrir neðan hnífinn.“

Honum segist hafa brugðið mjög við atvikið en hafi þó náð áttum og getað kallað til aðstoð. Maðurinn var fluttur með sjúkrahúsi á spítala. „Þetta var áfall en gerði það að verkum að ég passaði mig rosalega vel upp frá þessu. Þetta var víti til varnaðar.“



Lárus mætir enn til vinnu. Hér er hann við beygjuvél hjá Íslofti, árið 2022, rúmum sex áratugum eftir að starfsferillinn hófst.

”

Ég mæti aðallega til að láta puttana ganga, eins og ég orða það. Einhverjir vilja þó meina að ég mæti fyrst og fremst til að rífa kjaft og tuða í strákunum.”

Lætur „puttana ganga“

Haustið 1963, eftir góðan tíma hjá Nýju blikksmiðjunni, söðlaði Lárus um og gekk til liðs við nýstofnað fyrirtæki, Blikki og stáli. Það var til húsa á Grensásvegi. Nokkrir félagar hans höfðu þá stofnað fyrirtækið og Lárus slóst í för með þeim.

Þótt breytingar hafi orðið á eignarhaldi fyrirtækisins í áranna rás má segja að Lárus hafi allar götur síðan unnið hjá sama aðila. Fimmtíu og níu árum eftir að hann hóf störf hjá Blikki og sál mætir Lárus enn í vinnuna í viku hverri, í það minnsta einn dag. Í dag heitir fyrirtækið Ísloft, blikk- og stálsmiðja ehf.

„Ég mæti aðallega til að láta puttana ganga, eins og ég orða það. Einhverjir vilja þó meina að ég mæti fyrst og fremst til að rífa kjaft og tuða í strákunum,“ segir Lárus og hlær. Hann er þakklátur stjórnendum Íslofts fyrir að gera honum kleift að mæta til vinnu sinnar þegar honum hentar. „Þarna eru frábærir stjórnendur; forstjórinn og aðrir sem standa að fyrirtækinu.“

Byltingin á áttunda áratugnum

Ákveðin bylting varð í blikksmiði um miðjan áttunda áratuginn að sögn Lárusar. Þá fóru að koma til landsins vélar sem auðvelduðu blikksmiðum handtökin til mikilla muna. „Þá komu véladrifnir hnífar í fullri lengd – þriggja metra langir hnífar – og beygjuvélar. Það var algjör bylting að þurfa ekki lengur að berjast í handsaxi með plöturnar,“ útskýrir hann.

Um tuttugu árum síðar varð að sögn Lárusar önnur tækniþylting í blikksmiðinni. Þó fóru að koma tölvustýrðar vélar sem að hans sögn eru margar hverjar enn notaðar í dag. „Það eru auðvitað komnar í dag vélar sem gera miklu meira en þær vélar sem fóru að koma um miðjan tíunda áratuginn, en þær hafa staðist tímans tönn. Nú liggur við að maður taki bara á móti stykkinu tilbúnu úr vélinni.“

Hann segir að þrátt fyrir þessar miklu tækni framfarir búi hann enn að handtökunum sem notuð voru fyrir vélvæðingu. „En í dag er miklu auðveldara að taka á móti verkefnum og ganga frá þeim. Afköstin eru meiri og líkamlegt erfiði mun minna,“ útskýrir hann.

Þótt Lárus eigi langan starfsferil að baki og að vinnan hafi lengi



Lárus með Ívari Sveinssyni og Einari Mána Daníelssyni starfsmönnum Íslofts.

framan af verið erfið er hann enn við góða heilsu. Hann er léttur í spori. Lárus segir raunar að hann gæti mætt í vinnu alla daga, ef hann vildi. Til þess hafi hann burði.

Spurður hver lykillinn sé að þessari góðu heilsu svarar Lárus því til að hann sé heppinn að hafa farið í gegnum lífið og starfsferilinn án áfalla. Þá býi hann enn að því að hafa stundað frjálsar íþróttir

sem ungur maður. „Ég æfði meðal annars í ÍR-húsinu í Túngötu. Þar æfði líka einn vetur með mér besta íþróttamaður landsins, sem vann síðar til silfurverðlauna í Melbourne 1956; Vilhjálmur Einarsson. Ég tók þátt í unglíngamótum og æfði þar til um tvítugt,“ rifjar hann upp.



Vinnufélagar Lárusar við Grensásveg, árið 1969.

”

Það gefur mér mikið að fá að taka þátt í þessu. Það er stórkostlegt af félaginu að bjóða okkur upp á þetta.”

Félagið eigi heiður skilinn

Lárus hefur um langt árabil verið félagsmaður í stéttarfélagi blikksmiða. Félagið hét í upphafi Félag blikksmiða en árið 2003 sameinuðust blikksmiðir öðrum iðnaðarmönnum í tengdum greinum undir merkjum FIT, Félagi iðn- og tæknigreina. Fleiri félög iðngreina hafa slegist í hópinn og þetta öfluga félag hefur í dag um 4.400 félagsmenn.

Lárus segist oftast mæta á aðalfundi og fylgist þannig vel með starfi félagsins. Hann hefur farið í þrettán óvissuferðir með heldri mönnum í FIT, nú síðast í haust þegar Borgarfjörður var heimsóttur. Honum þykir ákaflega vænt um þessar ferðir, hvar hann hittir marga vini og félaga sem hann hefur unnið með eða samhliða við ýmis verk í gegn um tíðina.

„Það gefur mér mikið að fá að taka þátt í þessu. Það er stórkostlegt af félaginu að bjóða okkur upp á þetta. Ég tel að félagið eigi heiður skilinn fyrir að halda utan um menn sem eru komnir á eftirlaunaaldur með þessum hætti.”



Bogi Sigurðsson og Lárus í heldrimannaferð FIT, haustið 2022.



Brennandi áhugi á lífeyrismálum

„Fólk var fyrst og fremst að reyna að finna út hvað það fær í lífeyri,“ segir Haraldur Gunnarsson, sérfræðingur í lífeyrismálum, sem hélt í nóvember þrjú námskeið fyrir iðnaðarmenn um lífeyristöku. Upphaflega stóð til að halda eitt námskeið en vegna mikillar eftirspurnar urðu námskeiðin á Stórhöfðanum þrjú.

Spurður hvað helst hafi brunnið á fólki svarar Haraldur því til að spurningar varðandi lífeyri frá Tryggingastofnun hafi verið áberandi. „Það er algengt að fólk haldi að það fái mest frá TR, að þaðan komi hæsta framlagið. Það kemur því á óvart að upphæðin geti að hámarki verið 360 þúsund krónur á mánuði, fyrir skatt,“ útskýrir Haraldur og bætir við að fólki sem sér fram á að hefja lífeyristöku í náninni framtíð þyki skerðingarnar ósanngjarnar. Ellilífeyrir TR skerðist um 45% vegna allra tekna að frádregnu frítekjumarki. Hæstiréttur renndi nýlega stoðum undir lögmæti skerðinganna.

Haraldur segir að fólki finnist það líka fá lítið út úr séreigninni, sérstaklega ef rof hefur komið í iðgjaldasöguna. „Margir hafa kannski ekki greitt iðgjöld nema í þrjátíu ár og finnst þeir þar af leiðandi bera of lítið úr bítum.“ Hann bendir á að kerfið virki þannig að það tryggi þeim sem greitt hafa í lífeyrissjóð í 40 ár að lágmarki 56% af laununum sem það hafði.

Mikilvægt að grynnka á skuldum

Haraldur segir að vegna þessa tekjufalls sé mikilvægast að reyna að koma því þannig fyrir að skuldirnar séu sem minnstar þegar fólk hætti að vinna, svo greiðslubyrðin verði léttari. Þess vegna sé til að mynda skynsamlegt að nota viðbótarlífeyrissparnað til að greiða niður höfuðstól húsnæðislána. Aðeins þannig sé hægt að taka hann út skattfrjálsan.

Gagnleg upplýsingasíða

Á námskeiðinu var farið vítt og breytt yfir fjármál við starfslok. Farið var yfir reglur um lífeyri frá TR, lögbundnar lífeyrisgreiðslur, tilgreinda séreign, viðbótarlífeyrissparnað, og maka- og áfallalífeyri, svo eitthvað sé nefnt. Einnig var farið yfir erfðamál og hvernig ólík fjölskyldumynstur geta þar haft áhrif. Hann hvetur þá sem horfa fram á starfslok á næstu árum til að kynna sér þær upplýsingar sem Íslandsbanki hefur gert aðgengilegar á heimasíðu sinni. Farið er á islandsbanki.is. Þar er hægt að velja „Einstaklingar“ og svo „Fjármál við starfslok.“



Haraldur Gunnarsson frá Íslandsbanka hélt þrjú námskeið í nóvember.





Heldrimannaferð

Félag iðn- og tæknigreina fór í sína árlegu „Heldrimannaferð“ föstudaginn 16. september. Þátttakan var mjög góð þar sem u.þ.b. 100 félagsmenn mættu frá höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Akranesi og Suðurnesjum.

Að þessu sinni var farið í Borgarfjörðinn og var Barnafoss fyrsti viðkomustaðurinn þar, síðan var ekið í Húsafell þar sem snæddur var hádegisverður. Því næst var farið í Reykholt en þar var tekin hópmynd á kirkjutröppunum. Að lokum var ferðinni heitið á Hvanneyri þar sem boðið var upp á kaffiveitingar og Landbúnaðarsafnið skoðað.

Eins og venja er í þessum ferðum félagsins þá var reglulega „tekið til altaris“ og sungið með undirspili harmonikkú. Gaman var að sjá gleðina og þakklætið sem einkenndi hópinn og virtust allir fara glaðir og sáttir heim eftir góða ferð.

Gunnar Halldór Gunnarsson starfsmaður hjá FIT sá um allan undirbúning ferðarinnar og í ferðinni voru Hilmar Harðarson formaður FIT, Ólafur Sævar Magnússon starfsmaður hjá FIT var fararstjóri og Rúnar Hreinsson ljósmyndari.



Sannkölluð kjarabót

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, skrifar um langþráðar laga-breytingar á lífeyrismálum, sem taka gildi um áramótin.

Kæru félagsmenn.

Í byrjun næsta árs taka í gildi breytingar á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs úr 12% í 15,5%. Með gildistökunni lýkur margra ára baráttu okkar fyrir samræmingu réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Lífeyrismálin hafa verið mér hugleikin um langan tíma og þessum áfanga er rétt að fagna sérstaklega. Sveigjanleikinn í kerfinu verður meiri og valfrelsi að sama skapi aukið. Nú geta félagsmenn hækkað hlutdeild séreignar og eftir atvikum ráðstafað henni til fyrstu kaupa á húsnæði eða til lækkunar á húsnæðisskuldum, svo dæmi séu tekin.

Þessi breyting á sér langan aðdraganda og hefur ekki gengið þrautalaust. Verkefnið má rekja aftur til stöðugleikasáttmálans, sem undirritaður var af ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins 25. júní 2009. Þar var kveðið á um að þessir aðilar myndu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til sérstakrar umfjöllunar. Í kjölfarið var skipaður vinnuhópur með fulltrúum þessara aðila og var meginmarkmið hans að komast að sameiginlegri niðurstöðu um framtíðarskipan lífeyrismála. Þorbjörn okkar Guðmundsson (fv. formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Samiðnar) átti sæti í vinnuhópnum sem skilaði drögum að skýrslu sem birt voru á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins í júní 2015.

Áhersla á samræmt réttindakerfi

Í skýrslunni var lögð áhersla á samræmt réttindakerfi á íslenskum vinnumarkaði sem tryggði að launafólk gæti flutt sig á milli vinnumarkaða og/eða atvinnugreina án þess að það hefði teljandi áhrif á lífeyrisréttindi þess og yki þar með sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Vinnuhópurinn lagði fram margar tillögur. Ein af þeim var að lágmarkslífeyrisréttindi miðist við 15,5% iðgjald.


Í janúar 2016 var svo samið um þá hækkun, að lágmarkslífeyrissjóðsiðgjald færi úr 12% í 15,5% til að ná markmiðinu. Hækkunin fór fram í þrepum og 1. júlí 2018 hækkaði mótframlag launagreiðenda á almenna markaðnum í 11,5% en iðgjald launþega hélst áfram óbreytt, 4% af launum. Jafnframt var samið um að heimila sjóðfélögum að ráðstafa hækkuninni á lágmarksiðgjaldinu, í heild eða að hluta, til tilgreindrar séreignar.

Til þess að hægt yrði að innleiða samkomulag ASÍ og SA um hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði á grundvelli kjarasamnings aðila var talið æskilegt að breyta tilteknum greinum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við gerð lífskjarasamninga aðila vinnumarkaðarins, 3. apríl 2019, lýstu stjórnvöld yfir stuðningi við gerð kjarasamninga með aðgerðum sem styðja við markmið um stöðugleika í efnahagsmálum og bæta kjör launafólks.

Nú, rúmum 13 árum eftir að vinnan hófst, stefnir í gildistöku laga sem styðja við okkar markmið; lagabreytingu sem hefur sætt umtalsverðri gagnrýni hinna ýmsu hagsmunaaðila sem tekið hefur verið tillit til.

En hvað hefur þá áunnist fyrir okkur?

- Í fyrsta lagi er staðfest með lagabreytingu að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði hækkað úr 12% í 15,5% af iðgjaldsstofni í samræmi við breytingar sem orðið hafa á kjarasamningum. Framlagið hjá launamönnum er óbreytt en atvinnurekendur greiða 11,5%.
- Í öðru lagi er kveðið á um að meðaltal réttindaöflunar til mánaðarlegs ellilífeyris nemi 1,8% á ári af þeim iðgjaldsstofni sem greitt er af og hækki þar með úr 1,4%. Í því felst hækkun lífeyris úr 56% í 72% af meðallaunum starfsævinnar, miðað við jafna réttindaávinnslu yfir 40 ára inngreiðslutímabil.
- Í þriðja lagi fá lífeyrissjóðir nú heimild til að kveða á um það í samþykktum sínum að sjóðfélagi geti ráðstafað í heild eða að hluta hækkuninni á lágmarksiðgjaldi (allt að 3,5%) til tilgreindrar séreignar. Nýti sjóðfélagar sér þessa heimild lækkar meðaltal réttindaöflunar í sameignarhluta úr 1,8% á ári í allt að 1,4% á ári. Heimilt er að hefja úttekt tilgreindrar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð a.m.k. 62 ára aldri og skulu greiðslur dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því lífeyrisþegi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda út og þar til hann nær 67 ára aldri. Við andlát sjóðfélaga fellur hún til erfingja. Tilgreind séreign er ekki aðfararhæf.
- Í fjórða lagi eru ákvæði sem ætlað er að jafna rétt lífeyrisþega til greiðslna frá almannatryggingum. Er þar um að ræða ákvæði um að lífeyrissjóðum og öðrum aðilum verði gert skylt að senda Skattinum sundurliðun á ráðstöfun á lífeyrisiðgjaldi hvers manns til sameignar, frjálsrar og/eða bundinnar séreignar, tilgreindrar séreignar eða viðbótarlífeyrissparnaðar. Ákvæði sem dregur úr ójafnræði og mismunun á lífeyrismarkaði sem tengist víxlverkun við almannatryggingar.



Rof í iðgjaldasögu getur komið niður á lífeyrisgreiðslum síðar á ævinni. Mikilvægt er að kynna sér nýjar lagabreytingar vel.

- Í fimmta lagi eru breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016. Þær breytingar snúa einna helst að skattfrjálsri heimild félagsmanna til að nýta tilgreinda séreign til kaupa á fyrsta íbúðarhúsnæði til viðbótar við ráðstöfun á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar, sé einstaklingur rétthafi slíkrar séreignar. Einnig er lagt til að einstaklingum, sem ekki hafa verið skráðir eigendur að íbúðarhúsnæði í fimm ár frá því að umsókn um ráðstöfun berst Skattinum, verði heimilað að nýta sér sömu séreignarsparnaðarúrræði og kaupendum fyrstu íbúðar.
- Loks er að finna tillögur að breytingum á lögum um tekjuskatt vegna skattfrelsis á ráðstöfun tilgreindrar séreignar til kaupa á fyrstu íbúð auk tillagna um breytingar á því hvaða lífeyrisgreiðslur hafa áhrif til lækkunar á greiðslum almannatrygginga.

Niðurlag

Það er mér bæði ljúft og skylt að benda ykkur félagsmönnum á þessar breytingar. Ungir félagsmenn geta nú gert áætlanir um möguleg fyrstu kaup á húsnæði og jafnvel skipulagt ráðstöfun á séreign inn á húsnæðislán fram eftir starfsævinni. Fyrir okkur sem nálgumst efri árin hefur sveigjanleikinn verið aukinn til muna. Við getum til framtíðar lagað lífeyrisgreiðslur að okkar þörfum og breytt þeim í meira mæli sjálf.

Allar þessar breytingar sem byggja nú á traustum lagagrunni taka gildi í byrjun næsta árs. Á sama tíma og ég óska okkur öllum til hamingju með áfangann, hvet ég ykkur til að skoða málin mjög vel. Þetta er sannkölluð kjarabót sem tekið hefur langan tíma að ná fram. Við skulum nota aðventuna til að kynna okkur málið og gera ráðstafanir.

Fríður hópur nýrra sveina

Nýsveinar bifvélavirkjun, bókbandi, prentsmíð, ljósmyndun, hársnyrtiiðn, húsgagnabólstrun, húsgagnasmíði, rennismíði og vélvirkjun fengu sveinsbréf sín afhent við hátíðlega athöfn á Hilton Reykjavík Nordica þriðjudaginn 22. nóvember 2022.

Það var Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar fræðsluseturs, sem stýrði athöfninni en FIT var á meðal þeirra iðnfélaga sem bauð viðstöddum upp á veitingar.

Ljúfir tónar léku um salinn en það voru þeir Sæmundur Rögnvaldsson, Þorgrímur Þorsteinsson og Örn Ýmir Arason sem fluttu lifandi tónlist.

FIT var að sjálfsgöðu á staðnum og myndaði það sem fram fór. Félagið óskar þessum fríða hópi til hamingju með sveinsprófin.

Fleiri myndir frá athöfninni má sjá í myndasafni á vef FIT.





Bífvélavirkjun



Vélvirkjun



Ljósmyndun



Prentsmíð



Hársnyrtíðn



„Byrjaði með
Birtu um leið og
ég fór að vinna”

FJÁRFESTU Í ÞÉR



birta.is

 **BIRTA**
LÍFEYRISSJÓÐUR